



Sýning á munum aldraðra Reykvíkinga í félagsstarfi aldraðra:

„Svo lengi lærir sem lifir“

■ „Þessar sýningar hafa vakið verðskuldaða athygli og aðdáun fyrir listrænt handbragð, fjölbreytni og vandvirkni. Vekur það m.a. athygli hve miklum árangri margir hafa náð sem aldrei hafa unnið við slíkt handverk áður og margt af því fólki háaldrað. Sannar það þá kenningu að svo lengi lærir sem lifir“, sagði Gerður Steinþórsdóttir formaður Félagsmálaráðs m.a. við opnun sýningar að Kjarvalsstöðum s.l. föstudag, á munum sem unnir hafa verið af öldruðum Reykvíkingum í Félagsstarfi aldraðra í Reykjavík.

Á sýningunni eru milli 300 og 400 munir: þrjón, hekl, vefnaður, útskurður, leðurvinna, málverk, teikningar og fleira. Munir þessir hafa verið unnir af öldruðu fólki að Furugerði 1, Lönguhlið 3, Dalbraut 20-27 og Norðurbrún 1.

Sú hefð hefur skapat að á hverju vori hefur verið efnt til ár-

legrar sýningar á munum þeim er unnir eru í Félagsstarfi aldraðra að Norðurbrún 1, en þar er miðstöð félagsstarfsins til húsa. En vegna árs aldraðra kom nú fram sú hugmynd að gaman væri að halda sýninguna í ár að Kjarvalsstöðum. Var Gunnar R. Bjarnason myndlistarmaður fenginn til að skipuleggja sýninguna í samvinnu við fulltrúa félagsmálastofnunar, Geirþrúði Hildi Bernhöft og Helenu Halldórsdóttur ásamt leiðbeinendum í félagsstarfinu.

Félagsstarf aldraðra hófst í Tónabæ fyrir um 13 árum og var þá tvo daga í viku. Síðan hefur það aukist og eflst og er nú á fimm stöðum í borginni. Starfsmenn eru nú orðnir um 40 talsins auk um 100 sjálfbodaliða sem fyrst og fremst eru fórnfúsar og áhugasamar konur úr hinum ýmsu kvenfélögum í Reykjavík. —HEI

Fundur Kvenréttindafélagsins með kvenframbjóðendum í Reykjavík:

„Málefnalegur og góður fundur“

— sagði Esther Guðmundsdóttir

■ „Ef eitthvað var, þá voru konurnar betri en karlarnir. Mér fannst þær bæði málefnalegri og vera lausar við þetta persónulega skitkast sem oft vill koma fram í svona umræðum“, sagði Esther Guðmundsdóttir, formaður Kvenréttindafélags Íslands er Timinn spurði hana um hvernig kvenframbjóðendurnir hafi staðið sig á fundi þeim er Kvenréttindafélagið gekkst fyrir með kvenframbjóðendum í Reykjavík s.l. laugardag að Hótel Borg.

Esther sagði tilganginn fyrst og fremst hafa verið þann, að kynna kvenframbjóðendur, vekja á þeim aukna athygli og bjóða þeim að koma fram með sínar skoðanir og stefnumál flokka sinna. Tveir frummælendur voru frá hverjum flokki sem héldu stuttar ræður í

tveimur umferðum. Síðan voru fyrirspurnir og umræður. Fundurinn var vel sóttur, í kringum 200 manns.

Esther var spurð hvort þeim hjá Kvenréttindafélaginu finnst ekki nokkur árangur hafa náðst í fjölgun kvenna á framboðslistum í kosningunum nú. „Vist hefur þeim fjölgað en stærstu spurningunni er ósvarað enn, þ.e. hve margar komast inn. Við höfum sagt, að við verðum ekki ánægðar nema að það verði um 20% af þeim sveitarstjórnarfulltrúum sem nú á að kósa og það eru þá 85 konur“. Við kosningarnar 1978 sagði hún hlutfallið hafa verið 8,3% á þeim stöðum sem kosið verður nú á laugardaginn, 6,5% árið 1974 og 5,5% við bæjarstjórnarkosningarnar 1970.

—HEI




■ „Kvenframbjóðendurnir voru málefnalegir og lausir við hið persónulega skitkast sem oft vill einkenna pólitískar umræður.“
Timamynd: Ella

Tiskuverst. Libra
auglýsir

Nýja línan í sumarvörum
Buxur - Bolir -
peysur - vesti
Margir litir -
mörg snið

Sendum í póstkröfu

Tiskuverst. Libra Selfossi Simi 2011



FYRIRHYGGJA Á ÖLLUM SVIÐUM BÚSKAPAR SÝNIR GÓÐA BÚMENNSKU

Starf bóndans hefur breyst mikið á undanförunum árum. Með aukinni vélvæðingu treystir hann sífellt meira á tæknina, en hún útheimtir auknar fjárfestingar sem nauðsynlegt er að tryggja. Tryggingamál eru þannig orðin mikilvægur hluti búrekstrarins.

Með okkar fjölbreyttu tryggingum bjóðum við bændum að velja um

margs konar möguleika í tryggingamálum.

Sýndu fyrirhyggju og kynntu þér tryggingaþörf þína í samráði við umboðsmann okkar.

Hann gerir síðan tryggingaáætlun, sérstaklega fyrir þig.

Traustar tryggingar eru grundvöllur góðrar búmennsku.



SAMVINNU TRYGGINGAR
ARMÚLA 3 REYKJAVÍK SÍMI 81411
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

Broutryðjendur í bættum tryggingum